

Nd.

887. Breytingartillögur

[271. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. l. nr. 26/1980.

Frá iðnaðarnefnd.

1. C-liður 2. gr. orðist þannig: Önnur nýting á jarðgufu og heitu grunnvatni.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr. er verði 4. gr. og orðist þannig:
Við 13. gr. laganna (sbr. l. nr. 26/1980) bætist ný málsgrein sem orðist þannig:
Heimild til Hitaveitu Suðurnesja um að standa að virkjun jarðvarma til raforkuframleiðslu skal háð því skilyrði að áður hafi verið gerður samrekstrarsamningur við Landsvirkjun er tryggi að slíkt orkuver falli á hagkvæman hátt að heildarrekstri raforkukerfisins. Nái aðilar ekki samkomulagi skal ágreiningi skotið til iðnaðarráðherra.
3. Við 4. gr. Upphaf ákvæðis til bráðabirgða hljóði svo:
Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja háspennulínur í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins o. s. frv.